

Nýr félagsmaður

Nr. 679 Jóhann K Birgisson Köldukinn 14 220 Hafnarfirði 555 0719



Ógreidd árgjöld!

Enn eiga nokkrir félagsmenn eftir að greiða fyrri árgjöld sín. Eru þeir hvattir til að gera upp hið fyrsta svo umsóknir þeirra um veiðileyfi fyrir sumarið 2003 á svæðum félagsins teljist gildar.

VILT ÞÚ AUGLÝSA Í ÁRÓÐI?

Áróði er dreift mánaðarlega til riflega 300 áhugamanna um fluguveiði og því ná þeir sem auglýsa í blaðinu beint til mjög skýrt afmarkaðs markhóps. Hafið samband við Ragnar Hólm, í síma 695 1000, ef þið viljið auglýsa í Áróði.

ARMENN

Pósthólf 8444, 128 Reykjavík

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu,
Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.
Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm, ragnarh@akureyri.is.
www.armennis / armenn@armenn.is

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Nóvember 2002

Úthlutun fyrir áramót

Í þessu tölublaði birtist veiðileyfaframboð Ármanna fyrir sumarið 2003. Stjórn ákvað snemma í haust að flýta úthlutun fram fyrir áramót. Tilgangurinn með þessu er að færa þessi störf okkar til samræmis við það sem gerist í öðrum félögum sem úthluta flest fyrir áramót.

Engin ný veiðisvæði hafa bæst við á listann og engin dottið út. Við höldum enn Hlíðarvatni og Grenlæk, sömuleiðis hollum í Vatnsdalsá, Grímsá, Miðfjarðará og Skálmardalsá. Þessi svæði hafa öll reynst okkur vel og verið vinsæl meðal Ármanna.

Sú nýbreytni er tekin upp núna að skipta nokkrum þriggja daga hollum í Grenlæk yfir hásumarið upp í eins og hálf dags holl. Það er gert í því augnamiði að auðvelda fólki að kynnast svæðinu í styttri ferðum. Undanfarin tvö sumur a.m.k. hefur ekki gengið nógu vel að selja öll leyfi í Grenlæk en menn eru

hvattir til að kynna sér þetta frábæra svæði þannig að leiga félagsins á því standi undir sér og við höldum áfram dögnum okkar í Flóðinu.

Lesið vel og vandlega allt um úthlutunarreglur félagsins sem birtar eru á blaðsíðum 6-7 í blaðinu og vandið vel allan frágang umsóknanna. Við úthlutun fylgir stjórn reglunum út í hörgul og vonar að úthlutunarstörfín séu sem flestum að skapi og að hægt verði að gera sem flestum til hæfis.

Stjórn Ármanna



Dagskráin í Árósum

Miðvikudagskvöldið 27. nóvember kennir Árni Þór Sigurðsson, matreiðslumeistari og Ármaður, meðferð og matreiðslu á silungi og laxi. Hvernig er best að grafa fiskinn? Hvernig á að reykja hann? Einhverjar góðar uppskriftir? Það verður forvitnilegt að fylgjast með og hlusta á Árna. Dagskráin hefst kl. 20.00 í Árósum.

Litlu jól Ármanna verða haldin laugardaginn 7. desember kl. 14.00. Tilvalið tækifæri til að bregða sér af bæ með fjölskylduna, þiggja góðan kaffisopa og koma sér í rétta hátíðarskapið.

Félagsheimilið er að öllu jöfnu opið tvisvar í viku:

Á mánudagskvöldum eru hnýtingakvöld. Félagarnir setjast niður við þvinguna og hnýta flugurnar sem hann tekur næsta sumar og tók svo grimmt síðasta sumar. Opið er frá 20 - 22.

Á miðvikudagskvöldum er opið hús til skrafs og ráðagerða. Alltaf er heitt á könnunni og menn koma til að bera saman bækur sínar og kanna hvort ekki standist hið fornkveðna að maður er manns gaman.

Vatnsdalsá - silungasvæðið (10 stangir)

Byrja	Enda	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng	Ath.
lau 2. ágú	þri 5. ágú	3	12.000	36.000	Byrjað og endað á miðjum degi

Hlíðarvatn í Selvogi (3 stangir)

Veitt er á þrjár stangir í Hlíðarvatni og í boði eru allir dagar frá 1. maí til 29. september. Veiði hefst kl. 20 kvöldið fyrir úthlutun og lýkur sólarhring síðar. Verð fyrir stöngina virka daga er 1.500 kr. en 2.000 kr. fyrir helga daga. Fyrirvari er um verð og framboð því enn er ósamið um vatnið.



Ný heimasíða Ármanna

Loksins loksins hafa Ármenn opnað nýja heimasíðu á Internetinu en sú gamla var barn síns tíma og hefur verið illa haldið við síðustu mánuðina.

Von manna stendur til þess að nýja síðan verði ögn líflegri og þangað geti menn sótt sér upplýsingar um allt það sem er á döfnni hjá félaginu, auk þess sem þar verða birtar fréttir af gangi mála. Einnig verður að finna þar upplýsingar

um veiðisvæði félagsins, laus veiðileyfi, lög og siðareglur félagsins, og fleira gott.

Enn sem komið er vantar flest eldri tölublöð Áróðs inn á vefinn en það stendur til bóta. Áróður verður birtur þar á pdf-formi sem þýðir að hentugast er að prenta hann út til aflestrar.

Með kveðju,
Ragnar Hólm Ragnarsson

Umsjónarmaður með Árósum!

Stjórn Ármanna hefur ákveðið að auglýsa eftir aðila til að þrifa Árósa tvisvar sinnum í mánuði. Jafnframt er auglýst eftir aðila til að fylgja eftir útleigu salarins sem sæi um eftirlit, uppþvott og frágang við útleigu. Heppilegast er ef um einn og sama aðilann væri að ræða, en annað kemur einnig til greina.

Leiguverð fyrir salinn er nú 24.000 kr. fyrir almenning en 19.000 kr. fyrir félagsmenn. Fyrir umsjónarmann greiðist aukalega.

Úthlutunarreglur Ármanna

Almennt

Félagsmenn sem vilja sækja um úthlutun veiðidaga skulu skila inn umsóknum til félagsins á þar til gerðum eyðublöðum áður en skilafrestur rennur út.

Umsóknir fyrir veiðisumarið 2003 skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir kl. 22.00 mánudagskvöldið 9. desember.

Hver félagsmaður má aðeins sækja um eina úthlutun á A-forgangi, eina á B-forgangi o.s.frv. A-umsóknirnar hafa hæstan forgang, síðan B-umsóknir og svo koll af kalli.

Til að ákvarða innbyrðis forgang A-umsókna skal beita reglum um A-hópumsóknir og B-forgangsumsóknir.

Ef þessar reglur duga ekki til að skera úr um forgang umsókna skal fyrst leita eftir samkomulagi við jafnréttáa umsækjendur með því að gefa þeim kost á að velja í staðinn aðra óráðstafaða veiðidaga á sama svæði. Annars skal úthlutun ákvörðuð með hlutkesti.

Reglurnar gilda um úthlutun á öllum veiðisvæðum félagsins. Stjórn félagsins er þó heimilt að mæla fyrir um einstök frávik og verða þau þá kynnt í desemberhefti Áróðs vegna komandi veiðitímabils ásamt öðrum atriðum sem varða umsóknirnar.

A-hópumsókn

A-hópumsókn myndast við það að hópur Ármanna sækir sameiginlega um allar stangir í einni úthlutun eða veiðihóp ("holli"). A-hópumsóknir fá forgang umfram aðrar umsóknir og eru afgreiddar fyrstar. Til að A-umsókn teljist gild verða umsóknir allra sem mynda hópinn að uppfylla öll eftirtalin skilyrði:

1. Umsækjandinn skal vera skráður Árnaður og skuldlaus við félagið.
2. Í A-umsókn er veiðifélaganna getið með því að setja félagsnúmer þeirra í hópumsóknarreit svo ekki sé vafi á því hverjir mynda hópinn.
3. Hámarksstærð hóps fer eftir stangafjölda á veiðisvæðinu, t.d. 3 í Hlíðarvatn, 4 í Grenlæk og 2 í

4. Grímsá (tvímenningstöng).
4. Hópar mega vera minni en hámarksstærð. Því minni sem hópurinn er, þeim mun lægri er forgangur hans gagnvart öðrum A-hópumsóknum.
5. Í heild sækir hópurinn um hámarksfjölda stanga, sbr. lið 3 hér á undan.

B-forgangsumsókn

Reynist ekki unnt að uppfylla A-umsókn viðkomandi félagsmanns á viðunandi hátt fær B-umsókn hans aukinn forgang og þá sér í lagi ef um hópumsókn er að ræða og getið er skuldlausra félaga sbr. reglur um A-hópumsókn. B-forgangsumsóknir eru afgreiddar á undan öðrum B-umsóknum og þannig síðan koll af kalli.

Verkröð við úthlutun

1. A-hópumsóknir flokkaðar eftir veiðisvæðum og úthlutað veiðidögum.
2. Aðrar A-umsóknir flokkaðar eftir veiðisvæðum og úthlutað veiðidögum.
3. Úthlutunarnefnd fer yfir þær A-umsóknir sem ekki tókst að uppfylla og metur hverjar skuli fá B-forgang.
4. B-forgangsumsóknnum raðað eftir veiðisvæðum og úthlutað veiðidögum.
5. Öðrum B-umsóknum raðað eftir veiðisvæðum og úthlutað veiðidögum.
6. C-E umsóknum raðað og úthlutað veiðidögum í þeirri röð.

Munið að fylla umsóknir ykkar vel og vandlega út. Hópumsóknir eru sterkastar og hafa mestan forgang. Sterk A-umsókn gengur fyrir sterkri B-umsókn og svo framvegis. Einfaldara getur það varla verið!

Grenlækur í Landbroti (4 stangir)

Byrjað og endað á miðjum degi nema annað sé tekið fram.

Byrja	Enda	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng	
mið 7. maí	fös 9. maí	2	14.000	28.000	
fös 9. maí	sun 11. maí	2	14.000	28.000	
fim 15. maí	sun 18. maí	3	10.000	30.000	
sun 18. maí	þri 20. maí	2	10.000	20.000	
þri 20. maí	fim 22. maí	2	10.000	20.000	
lau 31. maí	þri 3. jún	3	6.000	18.000	
þri 3. jún	fim 5. jún	2	6.000	12.000	
fim 5. jún	sun 8. jún	3	6.000	18.000	
sun 15. jún	mið 18. jún	3	6.000	18.000	
mið 18. jún	fös 20. jún	2	6.000	12.000	
fös 20. jún	sun 22. jún	2	6.000	12.000	
mán 30. jún	þri 1. júl	1,5	4.000	6.000	endað um kvöld
mið 2. júl	fim 3. júl	1,5	4.000	6.000	byrjað að morgni
fim 3. júl	fös 4. júl	1,5	4.000	6.000	endað um kvöld
lau 5. júl	sun 6. júl	1,5	4.000	6.000	byrjað að morgni
sun 6. júl	þri 8. júl	2	4.000	8.000	
þri 15. júl	mið 16. júl	1,5	4.000	6.000	endað um kvöld
fim 17. júl	fös 18. júl	1,5	4.000	6.000	byrjað að morgni
fös 18. júl	sun 20. júl	2	6.000	12.000	
sun 20. júl	þri 22. júl	2	6.000	12.000	
fim 31. júl	sun 3. ágú	3	7.000	21.000	
sun 3. ágú	mið 6. ágú	3	7.000	21.000	
mið 6. ágú	fös 8. ágú	2	7.000	14.000	
fös 15. ágú	mán 18. ágú	3	8.000	24.000	
mán 18. ágú	mið 20. ágú	2	8.000	16.000	
mið 20. ágú	fös 22. ágú	2	8.000	16.000	
lau 30. ágú	mán 1. sep	2	10.000	20.000	
mán 1. sep	mið 3. sep	2	10.000	20.000	
mið 3. sep	lau 6. sep	3	10.000	30.000	
lau 6. sep	mán 8. sep	2	10.000	20.000	
mán 15. sep	fim 18. sep	3	10.000	30.000	
fim 18. sep	lau 20. sep	2	10.000	20.000	
lau 20. sep	mán 22. sep	2	10.000	20.000	
þri 30. sep	fös 3. okt	3	10.000	30.000	
fös 3. okt	mán 6. okt	3	10.000	30.000	
sun 12. okt	þri 14. okt	2	8.000	16.000	
þri 14. okt	fim 16. okt	2	8.000	16.000	

Samtals Dagar 82
 Dagstangir 328

Miðfjarðará (2 stangir)

Byrja	Enda	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng	Ath.
mán 28. júl	þri 29. júl	2	7.500	15.000	Allir dagar heilir
þri 5. ágú	mið 6. ágú	2	7.500	15.000	
fim 7. ágú	fös 8. ágú	2	7.500	15.000	

Grímsá (8 stangir)

Byrja	Enda	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
mið 20. ágú	lau 23. ágú	3	19.000	57.000

Byrjað og endað á miðjum degi. Fækkun um 2 stangir frá í fyrra.

Skálmardalsá (3 stangir)

Alltaf byrjað og endað á miðjum degi.

Byrja	Enda	Veiðidagar	Dagstöng	Hollstöng
fös 11. júl	mán 14. júl	3	5.000	15.000
mán 14. júl	fim 17. júl	3	5.000	15.000
fim 17. júl	sun 20. júl	3	6.000	18.000
mið 23. júl	lau 26. júl	3	6.000	18.000
þri 29. júl	fös 1. ágú	3	6.000	18.000
mán 4. ágú	fim 7. ágú	3	6.000	18.000
fim 7. ágú	sun 10. ágú	3	6.000	18.000
mið 13. ágú	lau 16. ágú	3	6.000	18.000
lau 16. ágú	þri 19. ágú	3	6.000	18.000
þri 19. ágú	fös 22. ágú	3	6.000	18.000
fös 22. ágú	mán 25. ágú	3	5.500	16.500
mán 25. ágú	fim 28. ágú	3	5.500	16.500
fim 28. ágú	sun 31. ágú	3	5.500	16.500
sun 31. ágú	mið 3. sep	3	5.500	16.500
mið 3. sep	lau 6. sep	3	5.000	15.000
lau 6. sep	þri 9. sep	3	5.000	15.000
þri 9. sep	fös 12. sep	3	5.000	15.000

Samtals	Dagar	51
	Dagstangir	153

Sumir velja sér tvo lífsförunauta um ævína

Scott
er annar þeirra

Flugustangir með lífstíðarábyrgð

Útsölastaðir:

Intersport
J. Vilhjálmsson
Útilíf
Veiðibúðin við Lækinn
Vesturröst